



## Alcro Brennicks Klarlack Trä

### Vörunr. 2642

#### Lýsing

Alcro Brennicks Klarlack Trä (2642) er glært og vatnsþynnanlegt eldvarnarlack sem ver við gegn eldi. Lakkið getur komið yfirborðum í eldvarnarflokka 1 og 2 og er viðurkennt af SITAC ("Swedish Institute for Technical Approval in Construction"). Eldvörnina verður að verja með Alcro Brennicks Topplack Trä (2643).

#### Notkun

Alcro Brennicks Klarlack Trä (2642) hentar á við innanhúss og áður lakkaða fleti þar sem nauðsynlegt er tryggja tiltekna eldvörn. Eldvarnarkerfið er myndað af tveimur málningarefnum. Alcro Brennicks Klarlack Trä (2642) sem er sjálf eldvörnin og Alcro Brennicks Topplack Trä (2643) sem er til að verja eldvörnina gegn hnjaski og raka. Efnin vinnast að mestu leyti á sama hátt og hefðbundin lökk á við.

#### Tæknilegar upplýsingar

<b>Litir:</b> Glær	<b>Þurrefni:</b> 62 % (rúmmál)
<b>Gljástig:</b> Háflgljáandi	<b>Þynnir:</b> Vatn
<b>Pakkningar:</b> 5 og 12,5 kg	<b>Áhaldahreinsir:</b> Heitt vatn
<b>Efnisnotkun:</b> 400 g/m <sup>2</sup> ⇒ 3,3 m <sup>2</sup> /l - 200 µm þurrfilma	<b>Þurrktími:</b> 8 klst
<b>Eðlisþyngd:</b> 1,33 kg/l	

#### Undirmálun

Ekki þarf að grunna sérstaklega undir Alcro Brennicks Klarlack Trä (2642).

#### Yfirmálun

Það verður að mála yfir með Alcro Brennicks Topplack Trä (2643). Magn af yfirlakkinu má þó ekki vera meira en 80 g/m<sup>2</sup> = 9,7 m<sup>2</sup>/l.

Yfirmálunartími (20 °C):	Lágmark	Hámark
Alcro Brennicks Klarlack Trä (2642)	8 klst	Ekkert
Alcro Brennicks Topplack Trä (2643)	18 klst	Ekkert

#### Áhöld

Pensill, rúlla eða sprauta. Gott er að jafna áferðina með lakkrúllu. Þvoið áhöld strax eftir málun með heitu vatni.

## **Vinnutilhögun**

Fjarlægið laust yfirborð, ryk, olíu, fitu og önnur óhreinindi af fletinum. Áður málaðir fletir skulu mattaðir. Flöturinn á að vera hreinn og þurr (hámark 7 %). Lakkið síðan tvær umferðir með eldvörninni **Alcro Brennicks Klarlack Trä** (2642). Til að fá eldvörn í 1 flokki þá þarf  $400 \text{ g/m}^2 = 0,3 \text{ lítra/m}^2$  af eldvörninni á flötinn ( $200 \text{ g/m}^2$  í hverri umferð). Lakkið yfir með **Alcro Brennicks Topplack Trä** (2643). Það má hámark fara  $80 \text{ g/m}^2$  af lakkinu yfir sjálfa eldvörnina. Þurrktími á lakkinu er 2 klst. Lakkið er terpentínubynnanlegt og áhöld þrífín með terpentínu.

## **Athugasemdir**

- Alcro Brennicks Topplack Trä (2643) hefur matta áferð.
- Ef málað er yfir með sjálfu eldvarnarlakkinu þá er yfirmálunartími 8 klst en 18 klst sé málað með Alcro Brennicks Topplack Trä (2643).
- Við lökkun má hitastig ekki vera undir  $10^\circ\text{C}$ . Lakkið er viðkvæmt gagnvart raka og skal loftraki ekki vera meiri en 65 %.
- Alkýðmálningu má alls ekki nota yfir eldvarnarkerfið.

## **Varúðarmerkingar**

Við venjulega vinnu með **Alcro Brennicks Klarlack Trä** telst hættan á heilsutjóni vera lítil. Varist að anda inn sprautuúða. Komist efnið í snertingu við auga skal skola það strax með vatni í a.m.k. 10 mínútur.

Geymist þar sem börn ná ekki til.